



Samtök sveitarfél höfuðborgarsv

Hamraborg 9  
200 Kópavogur

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. júní 2016 varðandi eftirfarandi mál.

**Þjóðleið um Svínaskarð**

Lagður fram tölvupóstur skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. maí 2016, þar sem erindi Halldórs H. Halldórssonar formanns samgöngunefndar Landsambands hestamannafélaga, dags. 28. apríl 2016, um að sett verði bann við umferð vélknúinna ökutækja um Svínaskarð, rétt austan við skála skátafélagsins Kópa Reykjavíkur megin og ofan við sumarbústaðabyggð með Svínadalsá Kjósahreppsmeginn, er sent umhverfis og skipulagsráði til afgreiðslu. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags, dags. 30. maí 2016.

*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags, dags. 30. maí 2016, samþykkt.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags, dags. 30. maí 2016.

Sent til Landssamband hestamannafélaga



30. maí 2016

**Efni: Þjóðleið um Svínaskarð. Bann við vélknúinni umferð**

Vísað er til erindis um Samgöngunefndar Landsambands hestamanna frá 28 apríl sl., þar sem óskað er eftir því að þjóðleiðinni um Svínaskarð verði lokað fyrir umferð vélknúinna ökutækja á grundvelli 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í erindinu kemur fram að leiðin hafi verið „orðin mjög illa farin eftir vélknúin ökutæki, bíla og vélhjól“ en að Samgöngunefnd Landssambands hestamannafélaga ásamt Kjósarhrepp hafi undanfarin fjögur ár lagt fé í endurbætur á leiðinni.

Þjóðleiðin um Svínaskarð tengir innri hluta Kjósar við Kjalarnes og Reykjavík. Með vegbótum öðrum hefur hún ekki gegnt hlutverki samgönguleiðar undanfarna áratugi og er ekki vegur í skilningi umferðarlaga. Leiðin er ekki skilgreind sem samgöngutenging í aðalskipulagi Reykjavíkur né í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Leiðin hefur verið merkt á landakort en er þó ekki sýnd á kortasjá Landmælinga Íslands. Hvort tilteknir vegslóðar séu merktir á kortagrunnum verður m.a. að horfa til 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Þjóðleiðin liggur um svæði sem skilgreind eru sem útivistar- og náttúrusvæði í aðalskipulagi og svæðisskipulagi. Hún liggur að hluta innan Græna trefilsins og á svæði sem eru á náttúruminjaskrá. Gerð er grein fyrir henni í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, á mynd 19, bls. 16, í fylgiriti nr. 8, *Náttúra og útivist* og líta má á hana sem hluta af mögulegri útivistarleið um fjalllendið sbr. kort nr. 9 og markmið 4.3. í svæðisskipulaginu. Þjóðleiðin um Svínaskarð er ekki sérstaklega skilgreind í aðalskipulagi Reykjavíkur en í stefnu þess er lögð áhersla á að reiðleiðir á Kjalarnesi fylgi almennt gömlum þjóðleiðum.

Í ljósi ofangreindrar stefnumörkunar er tekið jákvætt í að lagt verði bann við vélknúinni umferð um Svínaskarð. Þar sem leiðin liggur um tvö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og varðar framfylgd á stefnu svæðisskipulagsins, er lagt til að erindinu verði vísað til svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins.

Haraldur Sigurðsson